

Lykilupplýsingaskjal

Viðbót - Erlent

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Viðbót – Erlent, kt. 570299-9219 er ávöxtunarleidd fyrir viðbótarlífeyrissparnað sem rekin er af Landsbankanum hf., kt. 471008-0280. Vefsíða Landsbankans er <http://www.landsbankinn.is> og þú getur óskað eftir frekari upplýsingum um afurðina með því að hringja í 410-4000 eða á vef Landsbankans. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með afurðinni. **Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.**

Lykilupplýsingaskjal þetta er dagsett 20. mars 2025.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Ávöxtunarleidd viðbótarlífeyrissparnaðar (sjóður) sem tekur við iðgjaldi vegna viðbótartryggingaverndar. Sjóðurinn fjárfestir í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum, bæði með beinni fjárfestingu og með fjárfestingu í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er heimilt að allt að 50% af eignasafni sé í innlánum. Allar eignir sjóðsins eru gerðar upp á gangvirði og er reiknað út daglegt gengi á eignasafninu út frá hreinni eign og útstandandi nafnverði.

Markmið

Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í dreifðu safni erlendra verðbréfa. Engin lokadagsetning er á sjóðnum og Landsbankanum er ekki heimilt að segja samningi einhliða upp.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er fyrir þá sem kjósa að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn á þann hátt eins og mælt er fyrir um hér að ofan. Sjóðurinn er hugsaður fyrir þá sem eiga langan tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum og hafa áhættuþol til að sjá eign sína sveiflast í virði samanber árangurssviðsmyndir hér að neðan.


Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 4 af 7 þ.e.a.s. áhættuflokkur í meðallagi.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með meðallágu stigi og slakar markaðsaðstæður eru ólíklegar til að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.



Árangurssviðsmyndir

Árleg fjárfesting upp á kr. 150.000 kr.

Sviðsmyndir		1 ár	4 ár	7 ár (Ráðlagður fjárfestingartími)
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	61.334 kr. -59,11%	414.430 kr. -14,27%	669.018 kr. -11,29%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	133.756 kr. -10,83%	556.055 kr. -3,02%	1.008.567 kr. -1,01%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	158.312 kr. 5,54%	687.345 kr. 5,51%	1.308.572 kr. 5,51%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	187.100 kr. 24,73%	856.224 kr. 14,74%	1.723.369 kr. 12,42%
Uppsöfnuð fjárfest upphæð:		150.000 kr.	600.000 kr.	1.050.000 kr.

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 150.000 krónum á ári.

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða.

Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegra skattstöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef Viðbót - Erlent getur ekki greitt út?

Viðbót - Erlent nýtur ekki tryggingaverndar hjá Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Krafa þín á hendur sjóðnum getur því tapast að hluta eða öllu leyti ef sjóðurinn getur ekki greitt út.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfar í þrjú mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 150.000 krónum á hverju ári í sjóðnum. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

Kostnaður yfir tíma

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Árleg fjárfesting upp á kr. 150.000

Sviðsmyndir	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 4 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	1.708 kr.	18.108 kr.	53.621 kr.
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	1,18%	1,18%	1,18%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlagðs fjárfestingartíma.
- merking mismunandi kostnaðarflokka.

Þessi tafla sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er það mesta sem þú greiðir og þú gætir greitt minna. Þetta felur í sér kostnað við dreifingu á sjóðnum.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur á gjalddaga.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,00%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir sjóðinn.
	Umsýsluþóknun til rekstraraðila	0,59%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum.
	Áætluð og reiknuð óbein fjárfestingargjöld	0,59%	Áhrif kostnaðar vegna óbeinna fjárfestingargjalda þeirra sjóða sem sjóðurinn á hlutdeild í.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana. Við tökum þessa þóknun af fjárfestingu þinni ef sjóðurinn stendur sig betur en viðmiðun hennar.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði. Á ekki við þessa þennan sjóð.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 7 ár.

Ráðlagður fjárfestingartími er nógu langur til þess að jafna út sveiflur sem verða á sjóðnum yfir tíma.

Útgreiðslum er háttáð samkvæmt 11. gr laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þú getur hafið útgreiðslu séreignarsparnaðar við 60 ára aldur og getur þá valið um að fá inneign þína í eingreiðslu eða með því að dreifa yfir það tímabil sem þú kýst. Verðir þú öryrki og orkutapið sem þú verður fyrir er 100% áttu rétt á að fá eign þína úr sjóðnum greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentan er lægri en 100% þá lækkar árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Samkvæmt viðbótarákvæði fyrrgreindra laga er heimilt að nýta 4% framlag réttihafa og 2% mótfamlag launagreiðanda til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Heimildin takmarkast við 500 þús.kr. fyrir einstaklinga og 750 þús.kr. fyrir hjón og einstaklinga sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3. mgr., 62. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Við andlát sjóðfélaga fellur eign hans í sjóðnum til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

Þér er heimilt að flytja eign þína til annars vörsluaðila séreignarsparnaðar og er enginn kostnaður við slíkan flutning af hálfu sjóðsins.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að beina kvörtunum vegna vörunnar til Landsbankans með því að senda tölvupóst á vl@landsbankinn.is eða með því að hringja í síma 410-4000.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli?

Ávöxtunartölur sem sýndar eru í árangursviðsmyndinni eru reiknaðar út frá ávöxtunartölum sjóðsins síðustu 12 ára eða á tímabilinu 31.12.2012 - 31.12.2024. Á vefsvæði sjóðsins hjá Landsbankanum má sjá ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð árlega.